



## Fundarboð

### Þráinn Eggertsson

prófessor í hagfræði við Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands  
heldur fyrirlestur á vegum Vísindafélags Íslendinga í Norræna húsinu  
miðvikudaginn 24. nóvember 2004, kl. 20:00

## Hagfræði stofnana og skipulags: Hve mikið er vitað um hagkerfi, kerfisgalla og framfarir?

Á síðari hluta 20. aldar snerist hagfræði einkum um viðskipti en umhverfið sem mótaði viðskiptin var gefin stærð. Í erindinu ræðir Þráinn um tilraunir hagfræðinga undanfarin 25 ár til að víkka viðfangsefni hagfræðinnar og skapa hagfræði stofnana og skipulags. Hagfræði stofnana og skipulags hefur skoðað hagkerfi í ljósi sögunnar og með hliðsjón af pólitískum öflum og félagslegum viðhorfum. Vandí þróunarríkja, skipulagsbreytingar í Austur-Evrópu og ýmis kerfislæg vandamál á Vesturlöndum hafa aukið eftirspurn eftir hugmyndum um rætur hagkerfa og svigrúm til umbóta. Greint er frá árangri sem náðst hefur á umræddu sviði hagfræðinnar og einnig fjallað um óleyst vandamál.

Þráinn Eggertsson er prófessor í hagfræði við Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands og prófessor í stjórn málafræði við New York University. Hann nam hagfræði á Bretlandi og í Bandaríkjunum og hefur undanfarin ár starfað við háskólastofnanir í Bandaríkjunum, Þýskalandi og Hong Kong auk starfa sinna við Háskóla Íslands. Fyrirlesturinn er að hluta til byggður á nýrri bók eftir Þráin sem kemur út samtímis á íslensku og ensku í byrjun næsta árs og nefnist *Imperfect Institutions: Possibilities and Limits of Reform*.

*Fundurinn er öllum opinn. Félagsmenn eru hvattir til að fjölmenna og taka með sér gesti. Kaffistofa Norræna hússins verður opin að fundi loknum. Gjörið svo vel að hengja þessa auglýsingu upp á vinnustað þar sem við á.*

Stjórnin